

um fasteignaskráningu og fasteignamat.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja nú þegar fram á Alþingi frumvarp til laga um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem tryggi áframhaldandi starfsemi á sama grundvelli og lagður var við gerð aðalmats fasteigna 1970.

#### Greinargerð.

Skv. lögum nr. 28/1963 skal aðalmat fasteigna fara fram fimmtánda hvert ár, og eins og kunnugt er, lauk síðasta aðalmati á árinu 1970.

Þá lögðu fasteignanefndir niður störf, en við tóku millimatsmenn, úttektarmenn, sem framkvæma matsgerðir sínar á grundvelli gildandi matsreglna til þess tíma, er nýja fasteignamatið tók gildi, þ. e. skv. matsreglum frá árinu 1940, með verðmætisendurskoðun á árunum 1955—57.

Matstörf aðalmatsins skv. l. nr. 28/1963 hafa legið niðri í nær tvö ár, og hefur það ástand nú þegar leitt til margvislegra vandræða, og ef ekki verður gripið til skjótra aðgerða nú, er útlit fyrir, að sú mikla vinna, sem í aðalmatinu felst, hafi að mestu verið unnin fyrir gýg.

Fyrir þessari fullyrðingu skal gerð grein, með eftirfarandi rökum:

Þar sem matstörf aðalmats hafa legið niðri í allt að því tvö ár, er nú þegar mikill fjöldi fasteigna ekki metinn skv. hinum nýja matsgrundvelli. Skapar slíkt ástand að sjálfsögðu alvarlegt misræmi, sem m. a. hefur afleiðingar í för með sér, þegar fasteignaskattar eru ákvarðaðir.

Þúsundir fasteigna skipta árlega um eigendur hér á landi, og er því nauðsynlegt að fylgjast stöðugt með þeim breytingum, sem verða á eignaraðild fasteigna. Eigendaskrá aðalmatsins mun nú þegar vera orðin úrelt í fjölda tilvika, en mikil nauðsyn er á því, að henni sé stöðugt haldið við. Við núverandi kringumstæður er slík endurnýjun óframkvæmanleg.

Í aðalmati 1970 mun ekki hafa verið hjá því komið að taka í matið fjölda eigna, sem ekki voru fullgerðar, og miðaðist matsverð þeirra við framkvæmdarstig á matsdegi. Einstöku matsnefndir munu hafa hafið störf á árinu 1963, en flestar nefndir hófu matstörf fyrir árslok 1965. Að framansögðu má glögg sjá, að hér hefur myndast 4—6 ára tímabil, sem ekki hefur verið fylgt með breytingum á þessum eignum.

Aftur hér mun eiga sér stað óviðunandi og verulegt misræmi milli fasteigna, þegar til álagningar fasteignaskatta kemur.

Fasteignamat getur og skal nýtt til margvislegra annarra nota en til skattlagningar eingöngu. Það var í rauninni ein af grundvallarforsendum hins nýja fasteignamats. Var hin fjölbæfa gagnasöfnun og vélræna úrvinnsla matsins miðuð við það. Það er deginum ljósara, að ef störfum fasteignamats ríkisins verður ekki breytt til samræmis við þann starfsgrundvöll, sem lagður var við gerð aðalmatsins og hér hefur verið lýst, þá mun þessi mikilvægi möguleiki glatast. Núgildandi lög skilgreina ekki ofanefnd verkefni né heldur önnur þau, sem upp kunna að koma og gera verður ráð fyrir að falli í verkahring fasteignamats. Þau lög eru sett fyrir tæpum áratug, og fasteignaskráning og fasteignamat hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma, jafnframt því sem aukin tækni og vélakostur býður upp á aðra og fjölbættari nýtingu.

Þetta hefur mönnum almennt verið ljóst, enda hafa nefndir unnið að samningu frumvarpa til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Tilfni þessa tillöguflutnings er hins vegar að vekja athygli á því, í hversu mikið óefni er komið í þessum málum, og knýja á um, að nú þegar verði lagt fram frumvarp, sem tryggi eðlilegt framhald og fulla nýtingu á því aðalmati, sem lauk á árinu 1970 og tók gildi 31. des. 1971.